

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

29. apríl 1976.

Nr. 174.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Hvammstanga í Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 261 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr., eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 29. apríl 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku í smásölu á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

- 1.1 Um kwst.-mæli á kr. 42.00 hverja kwst.
- 1.2 Um kwst.-mæli á kr. 25.00 hverja kwst. auk fastagjalds af rúmi því er lýsa skal, reiknast fastagjald af gólfleti:
 - a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 12.20 á m² á mán.
 - b) Fyrir geymslur, ganga og verbúðir kr. 6.10 á m² á mánuði.

2. Heimilisnotkun.

- 2.1 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 13.00 hverja kwst., enda séu suðutæki öll fasttengd og öll önnur notkun seld eftir gjaldskrárlíðum 1.1 eða 1.2.
- 2.2 Um kwst.-mæli á kr. 10.00 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti er nemur kr. 6.10 af m² á mánuði af gólfleti íbúðar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skulu reiknuð sem íveruherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi er að ræða.

3. Vélanotkun.

- 3.1 Um kwst.-mæli á kr. 25.00 hverja kwst.
- 3.2 Stórnotkun á mestaafismæla þannig reiknað:

Aflgjald kr. 13 491.00 Kw. á ári.
Orkugjald kr. 4.62 hverja kwst. af allri notkun.
- 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:

Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 13.00 á kwst.
Fyrir næstu 80 000 kwst ársnotkun kr. 8.55 á kwst.
Fyrir umfram 100 000 kwst. ársnotkun kr. 8.00 á kwst.